



Skrifstofa Alþings – nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. apríl 2026

2604001 BG
Málalykill: 40.21

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, 529. mál.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga fagnar því að fram sé komið heildstætt frumvarp til laga um lagareldi sem ætlað er að skapa skýrari, samræmdari og fyrirsjáanlegri umgjörð um greinina. Samtökin telja mikilvægt að um lagareldi gildi traust og gagnsætt regluverk sem styður bæði við sjálfbæra atvinnuuppbyggingu og vernd umhverfis og nytjastofna. Jákvætt er jafnframt að frumvarpið miði að því að einfalda fyrirkomulag framlaga til sveitarfélaga og setja skýrari ramma um skiptingu þeirra.

Samtökin telja þó að á nokkrum mikilvægum atriðum sé enn þörf á breytingum áður en frumvarpið verður að lögum, einkum hvað varðar fjárhagslega hlutdeild sveitarfélaga, fyrirsjáanleika tekna nærsamfélaga og aðkomu sveitarfélaga að útfærslu reglna.

Áhrif á fjárhag sveitarfélaga

Í greinargerð er, líkt og áskilið er í lögum, kafla um mat á áhrifum á fjárhag sveitarfélaga. Þar kemur fram að vöxtur og uppgangur lagareldis, sérstaklega sjókvíeldis, hafi jákvæð áhrif á afkomu sveitarfélaga með tilliti til íbúáþróunar og þar með útsvarstekna. Segir einnig að með örri íbúáþróun fylgi óhjákvæmilega ýmiss konar aukinn þrýstingur á innviði sveitarfélaga. Fram kemur einnig að samfélagsframlag sjókvíeldis nemi þriðjungur af innheimtu framleiðslugjaldi sem er óbreytt fyrirkomulag frá gildandi lögum þótt breyta eigi úthlutun. Segir síðan í kafla frumvarpsins um áhrif á fjárhag sveitarfélaga

„Í ljósi þess að verið sé að breyta framleiðslugjaldinu þannig að betur sé tekið tillit til afkomu atvinnugreinarinnar er gert ráð fyrir að tekjur vegna gjaldsins til sveitarfélaga verði lægri á tímabili fjármálaáætlunar. Gert er ráð fyrir að samfélagsframlag verði óbreytt árið 2026 eða 550 millj. kr. eins og fjárlög gera ráð fyrir, að það verði 580 millj. kr. árið 2027 eða 83 millj. kr. lægra miðað við núverandi löggjöf og um 500 millj. kr. árið 2028 eða 320 millj. kr. lægra en gert er ráð fyrir samkvæmt núverandi löggjöf. Er hér miðað við að samfélagsframlag verði $\frac{1}{3}$ af framleiðslugjaldi fyrra árs.“

Breytingin mun því fela í sér lægri tekjur til sveitarfélaga a.m.k. fyrir árin 2027 og 2028. Er það mjög óheppilegt því sveitarfélög hafa nú þegar þurft að fara í uppbyggingu með tilliti til íbúáþróunar og þurft að fjárfesta í bættri hafnaraðstöðu og hafnarmannvirkjum. Á sama tíma eru deilur um innheimtu eldisgjalds sem verður til þess að tekjur sveitarfélaga til að standa undir innviðauppbyggingu, hvort sem er í höfnum eða samfélaginu almennt, eru takmarkaðar. Er því lagt til að sveitarfélögin fái hærri hlutdeild a.m.k. þar til framleiðslugjaldið er farið að skila sambærilegum hagnaði til sveitarfélaga.

Hlutdeild nærsamfélagsins

Samtökin fagna því að horfið sé frá fyrirkomulagi Fiskeldissjóðs og að stefnt sé að beinni úthlutun til sjókvíaeldisbyggða. Þrátt fyrir það er enn gert ráð fyrir að samfélagsframlag sjókvíaeldis verði fjárveiting af fjárlögum hverju sinni. Að mati samtakanna tryggir slíkt fyrirkomulag sveitarfélögum ekki nægilegt fjárhagslegt sjálfstæði né fullnægjandi fyrirsjáanleika. Sveitarfélög sem bera áhrif af nýtingu þessarar auðlindar eiga að mati samtakanna að njóta beinnar og lögbundinnar hlutdeildar í þeim tekjum sem af starfseminni verða, fremur en að vera háð árlegri ákvörðun fjárlagavaldsins. Með því móti yrði fjárhagsleg tenging milli auðlindanýtingar og nærsamfélags skýrari og réttlátari og tryggt að hlutdeild sveitarfélaga byggðist á skýrri og varanlegri lagaumgjörð, í stað þess að vera háð árlegu mati og forgangsröðun við fjárlagagerð. Ekki verður séð að það sé fullnægjandi lausn að færa sveitarfélög úr einu miðlægu matsferli yfir í annað hjá fjárlaganefnd og ráðherra, án þess að tryggja þeim sjálfstæðari, fyrirsjáanlegri og staðbundnari rétt.

Samtökin telja jafnframt ástæðu til að endurskoða hvort hlutdeild sveitarfélaga af framleiðslugjaldi sé nægileg, með hliðsjón af þeim innviðafjárfestingum og samfélagslegu áhrifum sem uppbygging sjókvíaeldis hefur þegar kallað fram í viðkomandi byggðarlögum. Það sama á við um tekjur vegna úthlutunar og útboða. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tilboðsfjárhæðir renni í ríkissjóð, en samtökin telja eðlilegt að skoðað verði hvort hluti slíkra tekna skuli renna til þeirra sveitarfélaga sem næst standa starfseminni og verða fyrir áhrifum hennar, bæði jákvæðum og neikvæðum.

Reglugerð um úthlutun samfélagsframlags

Í frumvarpinu er ráðherra falin veruleg heimild til nánari útfærslu á skiptingu samfélagsframlags og skilgreiningu sjókvíaeldisbyggða í reglugerð. Samtökin telja mikilvægt að slík útfærsla byggist á skýrum, gagnsæjum og málefnalegum viðmiðum. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggt sé formlegt samráð við sveitarfélög og samtök þeirra við þá vinnu. Sérstaklega á þetta við um þau atriði sem varða skiptingu framlaga, skilgreiningu þeirra sveitarfélaga sem teljast til sjókvíaeldisbyggða og mat á umfangi starfsemi. Slíkt samráð þarf að vera víðtækara og nánara en eingöngu birting á drögum að reglugerð í samráðsgátt. Samtökin telja því að styrkja eigi aðkomu sjókvíaeldisbyggða með því að lögfesta slíkt samráð. Mikilvægt er hefja strax setningu reglugerðarinnar í nánú samstarfi við sjókvíaeldisbyggðir því langvarandi óvissa um eðlilega hlutdeild sjókvíaeldisbyggða er óásættanlegt.

Bygðasjónarmið við eftirlit og rannsóknir

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga leggja áfram áherslu á að styrking stjórnáslu, rannsókna og eftirlits með lagareldi verði ekki aðeins tryggð í lögum heldur einnig studd með fjármagni, mannafla og raunverulegri nærveru í þeim byggðum þar sem starfsemin fer fram. Öflug nærvera eftirlits- og rannsóknastarfsemi í nærumhverfi greinarinnar eykur skilvirkni, viðbragðsgetu og traust og styður um leið við faglega uppbyggingu starfa í viðkomandi landshlutum.

Samtökin hafa áður lýst áhyggjum af niðurfellingu Umhverfissjóðs sjókvíaldis, einkum með hliðsjón af aðgengi sjálfstæðra rannsækenda og óháðra aðila að fjármögnun. Ef áfram stendur til að leggja sjóðinn niður telja samtökin mikilvægt að jafnframt verði tryggðar skýrar mótvægisáðgerðir svo möguleikar til sjálfstæðra rannsókna og fjölbreyttrar þekkingarsköpunar skerðist ekki.

Rekstrarleyfi

Samtökin vilja árétta fyrri sjónarmið sín um að 16 ára gildistími rekstrarleyfa fyrir landeldi kunni að vera of skammur með hliðsjón af umfangi, fjárfestingaþörf og langri uppbyggingu slíkra verkefna. Landeldi krefst í mörgum tilvikum mikillar innviðafjárfestingar og getur tekið mörg ár að ná fullri framleiðslu og arðsemi. Of skammur leyfistími getur því dregið úr fyrirsjáanleika og torvelað fjármögnun og uppbyggingu. Samtökin hvetja því til þess að leyfistími landeldis verði endurskoðaður eða að kveðið verði með skýrari hætti á um endurnýjun leyfa, þannig að betur náist jafnvægi milli fjárfestingaröryggis og virks eftirlits.

Samtökin leggja einnig ríka áherslu á að endurnýjun rekstrarleyfa í lagareldi almennt byggist á faglegum, skýrum og fyrirsjáanlegum sjónarmiðum. Fyrirsjáanleiki er grundvallarforsenda uppbyggingar í greininni, enda hafa ákvarðanir um fjárfestingar, fjármögnun og langtímarekstur í för með sér verulega fjárhagslega áhættu og langan aðlögunartíma. Óvissa um endurnýjun leyfa getur þannig dregið úr fjárfestingarvilja og hamlað eðlilegri þróun atvinnugreinarinnar.

Innköllun ónýttts laxahlutar

Í 41. gr. er fjallað um innköllun laxahlutar sem ekki er nýttur að fullu. Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga bendir á að ákvæði um innköllun ónýttts laxahlutar geti haft veruleg og skyndileg áhrif á atvinnu, umsvif og tekjustofna sveitarfélaga þar sem greinin vegur þungt. Tímabundin vannýting getur verið eðlilegur þáttur í rekstri atvinnugreinar sem býr við líffræðilega óvissu og sveiflur í framleiðslu. Áhrifin geta orðið sérstaklega þung þar sem starfsemi er á hendi fárra aðila og möguleikar til að mæta sveiflum innan greinarinnar eru takmarkaðir. Því er mikilvægt að við útfærslu slíkra ákvæða sé gætt meðalhófs og tryggt að lagaumgjörðin stuðli að fyrirsjáanleika, jafnræði og stöðugleika.

Aðkoma sveitarfélaga að stefnumótun

Samtökin vilja einnig vekja athygli á því að frumvarpið gerir ráð fyrir niðurfellingu samráðsnefndar um fiskeldi. Þótt það kunni að vera mat frumvarpshöfunda að nefndin hafi ekki skilað tilætluðum árangri, er mikilvægt að slíkar breytingar leiði ekki til veikari aðkomu sveitarfélaga að stefnumótun og útfærslu reglna á þessu sviði. Ef samráðsnefndin verður lögð niður þarf að mati samtakanna að tryggja með öðrum skýrum hætti að sveitarfélög og samtök þeirra eigi raunhæfan og formlegan samráðsvettvang við stjórnvöld um þróun regluverks og framkvæmd þess.

Að lokum

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga telja frumvarpið mikilvægt skref í átt að skýrari og heildstæðari löggjöf um lagareldi. Samtökin telja þó nauðsynlegt að frumvarpið verði styrkt áður en það verður að lögum, þannig að sveitarfélögum verði tryggð sterkari og fyrirsjáanlegri hlutdeild í tekjum af auðlindanýtingu, skýrari aðkoma að reglugerðarútfærslu og raunhæfari skilyrði fyrir uppbyggingu landeldis. Samtökin lýsa sig reiðubúin til frekara samtals og samstarfs við atvinnuveganefnd Alþingis um úrbætur á frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Íris Róbertsdóttir

formaður stjórnar og bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar

Sigfús Ingi Sigfússon

Varaformaður stjórnar og sveitarstjóri Skagafjarðar

Fannar Jónasson,

Stjórnarmaður og bæjarstjóri Grindavíkurbæjar

Gerður Björk Sveinsdóttir,

Stjórnarmaður og bæjarstjóri Vesturbyggðar

Jón Björn Hákonarsson,

Stjórnarmaður og forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,

Varamaður í stjórn og sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar

Heimir Örn Árnason

Varamaður í stjórn og formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar

Sigurjón Andrésón

Varamaður í stjórn og bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar